

**Nd.**

**296. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Tryggja skal hjá Samábyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Stjórn Samábyrgðarinnar hefur falið flutningsmanni þessa frumvarps að flytja það. Lítur stjórn stofnunarinnar svo á, að eðlilegast sé, að ríkið feli sinni eigin sjóváttryggingarstofnun að tryggja skip sín. Ríkið hefur með lögum skyldað flestalla eigendur fiskiskipa til að tryggja skip sín hjá þessari stofnun sinni. Því er það óviðeigandi, að það tryggi þar ekki sín eigin skip.